

STJÓRNARTÍÐINDI B 7 – 1990

1. febrúar 1990

121

Nr. 66

GJALDSKRÁ

vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins, fyrir árið 1990.

1. gr.

Eftirlitgjöld fyrir árið 1990, sem Geislavarnir ríkisins innheimta og falla í gjalddaga 1. febrúar 1990, með eindaga 1. maí 1990, verða sem hér segir:

1. Röntgenskoðunartæki.	kr.
a) Föst tæki - myndataka	8 675
b) Föst tæki - skygging	11 563
c) Aukalampar	2 605
d) Færanleg tæki - myndataka	7 150
e) Færanleg tæki - skygging	8 675
f) Tannröntgentæki	7 150
g) Tannröntgentæki - aukatæki	3 570
h) Iðnaðarröntgentæki	7 150
2. Geislalækningatæki	19 330
3. Geislavirk efni, fyrir hvern þann stað sem slík efni eru notuð	7 150
4. Önnur geislataeki.	
a) Nifteindatæki	25 455
b) Önnur tæki sem ekki falla undir lið 1-3:	
1) Hvert af 3 fyrstu eins tækjum á sama stað	7 150
2) Hvert tæki umfram fyrstu 3 eins á sama stað	3 570
5. Eftirlit með geislaskömmtum starfsfólks.	
a) Filmumælingar, fyrir hvern starfsmann	1 740
b) TLD-mælingar, fyrir hvern starfsmann	3 465

2. gr.

Á stofu þar sem einn tannlæknir starfar, en er með tvö tannröntgentæki, má flokka annað tækið sem „aukatæki“, enda sé það aðeins notað, þegar aðaltæki bilar. Þetta á einnig við um röntgentæki, sem hafa verið aftengd og eru í geymslu.

3. gr.

Eftirlitgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 6 005. Fyrir hvert vottorð sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 1 500.

5. gr.

Fyrir sólarlampa sem stofnunin skoðar, skal greitt gjald, kr. 15 000. Skoðunargjald skal fylgja með umsókn um leyfi til innflutnings.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. 18. gr. laga nr. 117/1985, um geislavarnir og að fenginni tillögu stjórnar Geislavarna ríkisins, staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 1990.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. febrúar 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum á Búðagrunni.

1. gr.

Frá og með 7. febrúar 1990 til og með 31. mars 1990 eru allar línuveiðar bannaðar á svæði í Faxaflóa, sem afmarkast af eftirtöldum punktum:

1. Göltur (við Arnarstapa)
2. 64°35'N–22°54'V
3. Hjörsey

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. febrúar 1990.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.